



Borgarráð

***Erindisbréf starfshóps um Loftslagssamning Reykjavíkur***

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um Loftslagssamning Reykjavíkur eru lögð fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps um Loftslagssamning Reykjavíkur, drög.

# ERINDISBRÉF

## Starfshóps um Loftslagssamning Reykjavíkur

**Ábyrgðaraðili:**  
Borgarstjóri

### Inngangur:

Reykjavíkurborg hefur hlotið þann heiður að verða valin til að taka þátt í Evrópusamstarfi um kolefnishlutlausar og snjallar borgir fyrir árið 2030. Markmið verkefnisins er að þátttökuborgirnar, 112 borgir, verði kolefnishlutlausar og snjallar árið 2030 og að þessar borgir verði miðstöðvar rannsókna og nýsköpunar til að gera öllum öðrum borgum í Evrópu kleift að verða kolefnishlutlausar og snjallar fyrir árið 2050.

Stýrihópur Evrópusamstarfsins hefur starfað síðan í lok ágúst 2022 og ber ábyrgð á stefnumótun verkefnisins. Þessi starfshópur mun starfa sem undirhópur stýrihópsins og hefur það hlutverk að undirbúa gerð fyrsta Loftslagssamnings Reykjavíkur í samráði við stýrihópinn. Evrópusamstarfið felur í sér að gerður verði loftslagssamningur sem aðlagður skuli að hverri borg fyrir sig. Innihald samningsins verður upplegg að samstarfi við íslenska ríkið, önnur sveitarfélög, atvinnulíf og einkaaðila, frjáls félagasamtök, háskólasamfélagið og við borgarbúa. Tilgangur samningsins er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og mun hann innihalda samansafn af:

- þeim aðgerðum sem ofangreindir aðilar skuldbinda sig til þess að draga úr losun
- skuldbindingum hvers og eins tengt þeim aðgerðum
- því fjármagni sem veitt verður fyrir hverja og eina aðgerð

### Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að undirbúa gerð loftslagssamnings við ofangreinda aðila í samráði við stýrihóp verkefnisins. Sá loftslagssamningur verður lagður fram til rýnis til ráðgjafa Evrópusambandsins, NetZeroCities, í síðasta lagi í lok ágúst 2023.

### Helstu verkefni:

- Taka þátt í vinnufundum með ráðgjöfum Net Zero Cities. Mars og apríl 2023.
- Ákveða í samráði við stýrihóp hvaða aðilar koma að borðinu við gerð loftslagssamnings. Byggja þannig upp víðtækt net um verkefnið til að tryggja framgang þess innan og utan borgarinnar. Mars 2023.
- Stuðla að því að virkja íbúa til samstarfs og samráðs við verkefnið. Vor 2023.
- Láta vinna þær greiningar sem skilgreindar verða af NetZeroCities, m.a. hvaða fjármuni þarf til þess að ná kolefnishlutleysi 2030. Vor 2023.

- Skipulagning viðburðar fyrir undirskriftir samningsaðila og undirbúningur samráðshóps. Möguleg heimsókn frá NetZeroCities og spurningum svarað um verkefnið. Maí – júní 2023.
- Vinna við að undirbúa lokaúttekt samnings. Ágúst 2023.
- Fyrstu skil samnings til NetZeroCities til yfirferðar og endurgjafar. September 2023.
- Lokaskil samnings til NetZeroCities. Október 2023.
- Endurskoðun heildarhugmyndar Loftslagsfundar Festu og Reykjavíkurborgar og samþætting við loftslagssamning. Fyrir nóvember 2023.
- Endurskoðun og möguleg fjölgun samningsaðila þegar vottun samnings berst (Mission Label). Desember 2023.

### **Starfshópurinn skipa:**

Hrönn Hrafnisdóttir, umhverfis- og skipulagssvið, formaður  
Erik Tryggvi Stritz Bjarnason, fjármála- og áhættustýringarsvið  
Anna Guðmunda Andrésdóttir, fjármála- og áhættustýringarsvið  
Friðrik Klingbeil Gunnarsson, umhverfis og skipulagssvið  
Glóey Helgudóttir Finnsdóttir, umhverfis- og skipulagssvið  
Inga Rún Sigurðardóttir, umhverfis- og skipulagssvið  
Sigurlaug Anna Jóhanssdóttir, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa  
Óli Örn Eiríksson, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

### **Starfsmaður starfshópsins:**

Starfsmaður kemur frá umhverfis- og skipulagssviði

### **Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn leitar ráðgjafar innan sem utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

### **Starfstími:**

Starfshópurinn starfar út árið 2023 eða a.m.k. þar til fyrstu útgáfu loftslagssamnings er skilað til yfirferðar.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri